



Framkvæmda- fréttir 3. tbl. /03



Í þessu blaði er auglýst útbod á gerð mislægra gatnamóta á mótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka. Verkefni þetta er samvinnuverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, og sá verkfræðistofan Línuhönnun um hönnun mannvirkisins í samstarfi við Studio Granda og Landmótun. Ávinningur af þessu verkefni er helst sá að plangatnamótum við Reykjanesbraut fækkar um þrenn, tenging milli

Stekkjarkakka og Smiðjuhverfis sem og tengingar við Reykjanesbraut batna mikið. Einnig verða tengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur milli hverfa og útivistarsvæða betri með tilkomu nýrra stíga, göngubrúar og undirgangna. Búast má við að umferðaröryggi á þessu svæði verði mun meira með tilkomu þessa mannvirkis, eða allt að 40-50% fækkun bæði eignatjónsþappa og slysa. Mynd: ONNO ehf.

Jón Rögnvaldsson skipaður vegamálastjóri frá 1. mars

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur skipað Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóra í stöðu vegamálastjóra til fimm ára frá 1. mars nk. Hann tekur við af Helga Hallgrímssyni sem lætur af störfum vegna aldurs. Staða aðstoðarvegamálastjóra hefur nú einnig verið auglýst og verður einnig ráðið í þá stöðu frá 1. mars.

Árið 1893 var ráðinn til starfa fyrsti verkfræðingur landsins. Það stöðuheiti varð síðar að embætti landsverkfræðings. Fyrsti landsverkfræðingurinn var Sigurður Thoroddsen en hann var jafnframt fyrsti Íslendingurinn til að ljúka prófi í verkfræði. Sigurður gegndi embætti til 1904 en tók þá við starfi kennara við

Lærða skólann í Reykjavík. Tveir aðrir gegndu embætti landsverkfræðings, þeir Jón Þorláksson og Thorvald Krabbe. Í upphafi árs 1918 var embætti landsverkfræðings skipt í tvo hluta, embætti vegamálastjóra (Geir G. Zoëga) og vitamálastjóra (Thorvald Krabbe) en frá þessum embættum þróuðust stofnanirnar Vegagerð ríkisins og Vita- og hafnamálaskrifstofan. Vegagerð ríkisins heitir nú samkvæmt vegalögum Vegagerðin.

Vegamálastjórar hafa verið Geir G. Zoëga (1917-56), Sigurður Jóhannsson (1956-76), Snæbjörn Jónasson (1976-91) og Helgi Hallgrímson (frá upphafi árs 1992 til loka febrúar 2003).

Sjá kynningu á Jóni Rögnvaldssyni í opnu blaðsins.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 11. árg. nr. 325 10. feb. 2003

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Víktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða val@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útböðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útböð eru kynnt, útböðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafæni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Auglýsingar útboða

Ólafsfjarðarvegur (82), niðurrekstrarstaurar fyrir Ólafsfjarðarós 03-034

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi eystra, óskar eftir tilboðum í framleiðslu á steiptum niðurrekstrarstaurum fyrir brú á Ólafsfjarðarós ásamt flutningi þeirra á byggingarstað. Um er að ræða 80 stk. af 10 m löngum staurum, sem eru 270 mm á kant.

Helstu magntölur: framleiðsla niðurrekstrarstaura 760 m, flutningur niðurrekstrarstaura 146 tonn.

Verki skal að fullu lokið 1. maí 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Akureyri og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 10. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 1.500 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 24. febrúar 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka 03-016

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík og Bæjarverkfræðingurinn í Kópavogi óska eftir tilboðum í gerð mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar, Stekkjarbakka og Smiðjuvegur.

Til framkvæmdanna telst gerð tveggja brúa á Stekkjarbakka yfir Reykjanesbraut, gerð göngubrúar yfir Reykjanesbraut, gerð undirgangna undir Stekkjarbakka auk allrar vegagerðar, stígagerðar og landmótunar sem nauðsynleg er til að ljúka verkinu endanlega.

Helstu magntölur vegahluta eru: skering í laus jarðlög 150.000 m³, fylling og neðra burðarlag 150.000 m³, efra burðarlag 8.000 m³, malbik 35.000 m², kantsteinar 10.000 m, ofanvatnsræsi 5.000 m.

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru: mótafletir 5.300 m², steypustyrktarjárn 194.000 kg, spennistál 43.600 kg, steinsteypa 1.900 m³, smíðastál 77.000 kg.

Umferð skal vera komin á mannvirkin 1. nóvember 2003 og verki skal vera að fullu lokið 1. júlí 2004.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7, 105 Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 10. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 mánudaginn 10. mars 2003, og verða þau opnuð þar sama dag kl. 14:15 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Snæfellsnesvegur (54) um Kolgrafafjörð, niðurrekstrarstaurar 03-027

Vegagerðin, Vesturlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í framleiðslu á steiptum niðurrekstrarstaurum fyrir brú á Kolgrafafjörð ásamt flutningi þeirra á byggingarstað.

Um er að ræða 280 stk. af 10 m löngum staurum, sem eru 270 mm á kant.

Helstu magntölur: framleiðsla niðurrekstrarstaura 2.800 m, flutningur niðurrekstrarstaura 510 tonn.

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarnesi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 10. febrúar 2003. Verð útboðsgagna er 1.500 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 24. febrúar 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegur 02-104

Tilboð opnuð 3. febrúar 2003. Austurlandsumdæmi. Gerð og styrking rofvarnar í Jökulsá á Breiðamerkursandi á samtals 1.000 m löngum árbakka. Gerð tveggja grjótpörskulda þvert yfir farveg árinna og gerð 240 m varnargarðs austan árinna.

Helstu magntölur: fyllingar 13.000 m³, síulag 8.000 m³ og grjótvörn 41.000 m³.

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
14	Klæðning hf., Kópavogi	126.050.000	121,9	70.582
---	Áætlaður			
	verktakakostnaður	103.400.000	100,0	47.932
13	Jarðverk Hornafirði ehf.,	99.950.000	96,7	44.482
12	Berglín ehf., Búðardal	95.995.000	92,8	40.527
11	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	94.880.000	91,8	39.412
10	Arnarfell ehf., Akureyri	88.135.000	85,2	32.667
9	Guðmundur S. Ólafsson Núpi, Kópaskeri	87.193.700	84,3	31.726
8	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	86.798.723	83,9	31.331
7	Sandvirki ehf., Þorlákshöfn	78.703.000	76,1	23.235
6	S.G. vélar ehf., Djúpavogi	76.514.000	74,0	21.046
5	Mikael ehf., Rósa- berg ehf., Hornafirði	73.640.000	71,2	18.172
4	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Self.	73.000.000	70,6	17.532
3	Ístak hf., Reykjavík	65.845.389	63,7	10.377
2	Ingileifur Jónsson hf., Svínavatni	58.478.000	56,6	3.010
1	Suðurverk hf., Hafnarfirði	55.468.000	53,6	0

Arnarfell ehf. skilaði einnig inn frávíkstilboði



Ný þjónustumerki

Vegagerðin mun leggja til við dómsmálaráðuneyti að eftirtalin þjónustumerki verði tekin upp í umferðarmerkja-reglugerð við næstu endurskoðun. Nokkur merkjanna hafa nú þegar verið sett upp á viðeigandi stað til prófunar.



E02.48 Viti

Merki þetta vísar á aðkomuleið að vita.




E02.66 Fuglaskoðun

Merki þetta vísar á stað sem er hentugur til að skoða fugla.




E02.67 Selalátur

Merki þetta vísar á stað þar sem hægt er að skoða selalátur




E07.22 Skeiðvöllur

Merki þetta vísar á skeiðvöll.



E07.23 Hesthúsaþverfi

Merki þetta vísar á hesthúsaþverfi.



E07.55 Skotsvæði

Merki þetta vísar á svæði sem er ætlað fyrir skotæfingar.



E08.58 Ferðamannaþjós

Merki þetta vísar á býli þar sem gestum gefst kostur á að skoða kúr í fjósi.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri frá 1. mars

Nám: Stúdent frá MA 1959. Próf í byggingarverkfræði frá Technische Hochschule í Stuttgart 1964.

Störf: Verkfræðingur hjá Vegagerðinni 1964-66, umdæmisverkfræðingur á Vesturlandi 1966-69, deildarverkfræðingur 1970-76, yfirverkfræðingur áætlanadeildar 1976-92, forstöðumaður tæknisviðs 1992-94, aðstoðarvegamálastjóri frá 1995, vegamálastjóri frá 1. mars 2003.



Jón Rögnvaldsson
bóndi í Réttarholti í Akrahreppi
Sólveig Halldórsdóttir
húsfreyja í Réttarholti
Rögnvaldur Jónsson
bóndi og kennari í
Flugumýrarhvammi
í Akrahreppi
f. 29.08.1908 í Réttarholti

Jón Jónasson
bóndi á Flugumýri í Akrahreppi
Sigríður
Guðmundsdóttir
húsfreyja á Flugumýri
Ingibjörg Jónsdóttir
húsfreyja í Flugumýrarhvammi
f. 09.07.1908 á Flugumýri
d. 08.07.1999

Jón Rögnvaldsson

f. 19.02.39 í Flugumýrarhvammi

Börn þeirra:

Björn
f. 03.01.66 í Reykjavík
tölvunarfræðingur

Félags- og trúnaðarstörf: Formaður Kjarafélags verkfræðinga 1975-76, formaður launamálaráðs BHM 1975-76, fulltrúi BHM í Kjaradómi 1977-85.

Í ráðgjafanefnd Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins frá 1976. Í ritnefnd tímarits VFÍ 1973-75. Í stjórn Tallfélags Garða-
bæjar 1980-81, formaður 1981-88. Í stjórn Skáksambands Íslands 1982-92, forseti 1990-92.

Símon Björnsson
bóndi á Ásgeirsbrekku
í Skagafirði

Anna Björnsdóttir
húsfreyja á Ásgeirsbrekku

Björn Símonarson
kennari á Hólum í Hjaltadal
f. 19.12.1892 að Hofsstöðum
í Skagafirði, d. 09.05.52

Gísli Pétursson
bóndi í Kýrholti í Skagafirði

Margrét Bessadóttir
húsfreyja í Kýrholti

Lilja Gísladóttir
húsfreyja á Hólum í Hjaltadal
f. 25.03.1898 í Kýrholti
d. 07.02.70

maki: Ásdís Björnsdóttir

bankastarfsmaður f. 18.09.36 á Hólum í Hjaltadal

Bryndís

f. 05.06.70 í Reykjavík

háskólanemi

Sambýlismaður: Jón Trausti Ólafsson

Barn þeirra: Arnar Ingi

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvalaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmda eildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-001 Vf. Djúpvegur (61), Kleifar - Hvítanes	03
03-002 Vf. Hólmavíkurvegur (67) um Kálfanesslæk	03
03-003 Vf. Strandavegur (643), Ásmundarnes - Sveinanes	03
03-004 Vf. Djúpvegur (61), Porskafjarðarvegur - Sóleyjarhvamur	03
02-100 N.v. Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003	03
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú	03
03-006 Vl. Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut - Laugarholt	03
03-021 Au. Yfirlagnir á Austurlandi 2003	03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48) endurbygging. II. áfangi	03
02-103 N.v. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003	03
03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn	03
03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003	03
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	03
02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711) Tjarnará - Þórsá 2003	03
02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76) um Hofsa 2003	03
02-101 N.v. Víðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003	03
03-018 Au. Suðurfjarðavegur (96), Handarhald - Götuhjalli	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Vífilsstaðavegur	03
03-008 Vl. Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004	03
03-005 Vf. Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2003	03
03-011 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik	03
02-099 N.v. Fitjavegur (714) Ásland - Miðfjarðarvegur	03
01-016 Rn. Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut	03
03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03
03-015 Rn. Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, hönnun	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03
02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005	03
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	03
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	03
03-030 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós	03
03-024 N.v. Yfirborðsmerkingar, sérmerkingar í Reykjanesumdæmi 2003-2004	03

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
03-025 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Strandvegur á Sauðárkróki 2003	03
03-029 N.ey. Hafnarvegur Húsavík (859)	03
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði	02.03
02-019 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	02.03
03-023 N.v. Yfirborðsmerkingar með vegmálingu 2003-2004	02.03
03-026 Au. Fáskrúðsfjarðargöng, eftirlit	02.03
03-035 Rn. Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka, eftirlit	02.03
03-028 N.ey. Aðaldalsvegur (845), Hringvegur - Lindarhlíð	02.03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-016 Rn. Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka	10.02.03 10.03.03
03-034 N.ey. Ólafsfjarðarvegur (82), niðurrekstrarstaurar fyrir Ólafsfjarðarós	10.02.03 24.02.03
03-027 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð, niðurrekstrarstaurar	10.02.03 24.02.03
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
02-104 Au. Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegar	20.01.03 03.02.03
02-097 Sl. Bræðratunguvegur (359), um Galtalæk	16.12.02 13.01.03
02-096 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði, eftirlit	25.11.02 06.01.03
Samningum lokið	Opnað: Samið:
Ekki hafa borist neinar fréttir af nýjum verksamningum frá því 1. tölublað 2003 kom út.	

Öryggi Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur, greinargerð vinnuhóps

Vinnuhópurinn var skipaður af vegamálastjóra að ósk samgönguráðherra í byrjun árs 2001.

Verkefni hópsins var að gera úttekt á öryggi umferðar og vegar á Djúpvegi milli Súðavíkur og Bolungarvíkur. Hópurinn beindi sjónum sínum sérstaklega að hættu, sem vegfarendum stafar af snjóflóðum, skriðuföllum og grjóthruni. Jafnframt leit hópurinn til annarra náttúrufarsþátta og almennra þátta, sem varða umferðaröryggi.

Unnið hefur verið að endurbótum á veginum um Óshlíð frá 1981 með hléum. Mikill árangur hefur náðst í vörnum gegn grjóthruni og snjóflóðum, en mikið er eftir. Ef til vill hefði árangur í snjóflóðavörnum orðið meiri, með byggingu fleiri vegskála, greftri á skápum og verklagsreglum um umgengni. Snjóflóðin eru á afmörkuðum stöðum og að því leyti auðveldari en grjóthrunið. Á hinum stöðunum hafa ekki verið gerðar neinar sérstakar ráðstafanir gegn grjóthruni og snjóflóðum, ef frá er talin breikkun rása á Súðavíkurhlíð sumarið 2000 og almennt verklag við snjóflóðahættu.

Vinnuhópurinn skipa: Gísli Eiríksson, Vegagerðinni, formaður, Ágúst Kr. Björnsson, f.h. Súðavíkurhrepps, Ólafur Kristjánsson, f.h. Bolungarvíkurbæjar, Jón Helgason, Vegagerðinni.

Greinargerðin er birt vegagerdin.is sem pdf. skjal 2,8 Mb að stærð.